

15/10/13
10.40

Reykjavík, 28. september 2015

Efni: Ástand gróðurs og umferðaröryggi

Nú þegar haustið er gengið um garð er tímabært að huga að gróðri í umhverfinu og þeim mögulegu áhrifum sem hann getur haft á umferðaröryggi íbúa.

Þéttur og mikill gróður á götuhornum, gatnamótum og við vegi getur hæglega byrgt vegfarendum sýn og aukið þar með líkur á samstuði akandi, hjólandi og gangandi vegfarenda. Ennfremur getur gróður skyggt á umferðarskilti, götumerkingar og lýsingu og valdið þannig óþægindum og skapað hættu. Umferðarskilti og ljós sem eru í hvarfi eru til lítils gagns og bjóða hættunni heim. Sé ökumaður upptekinn við að rýna í huldar merkingar skerðist sú athygli sem beinast ætti að öðrum þáttum í umferðinni, t.d. bílum, reiðhjólum og fólki á gangi. Dæmi eru um slys og óhöpp sem rekja má til skerts útsýnis af völdum gróðurs.

Því fer Samgöngustofa þess á leit við sveitarfélögin í landinu að hugað verði að ástandi gróðurs og trjáa við vegi og gatnamót. Ef ljóst þykir að gróður hindri sýn eða hefti umferð er mikilvægt að gerðar séu viðeigandi ráðstafanir. Eins er ávallt mikilvægt að sýna fyrirhyggju við gróðursetningu nýrra trjáa og runna, með tilliti til umferðaröryggis almennings.

Samgöngustofa hvetur sveitarfélögin jafnframt til þess að minna íbúa og lóðareigendur á skyldur sínar hvað varðar gróðurumhirðu, t.d. með áskorun og hvatningu á heimasiðum sveitarfélaganna eða með öðrum árangursríkum hætti.

Samkvæmt gildandi byggingarreglugerð (112/2012) er lóðarhöfum skylt að halda vexti trjáa og runna á lóð sinni innan lóðamarka, ella hefur umráðamaður svæðis eða veghaldari heimild til að fjarlægja þann hluta er veldur truflun eða óþrýði á kostnað lóðarhafa að undangenginni aðvörun. Þá ber húsráðendum, samkvæmt reglugerð um lögreglusamþykktir (1127/2007), að snyrta allan gróður, þ.m.t. trjágróður sem liggur að götum, gangstéttum og gangstígum þannig að umferð vegfarenda sé óhindruð.

Sýnum gott fordæmi og gætum sem fyrst að gróðrinum. Með samstilltu átaki getum við skapað landsmönnum öllum öruggara umhverfi og dregið úr líkum á umferðarslysum.

Með kveðju,

Gunnar Geir Gunnarsson

Deildarstjóri öryggis- og fræðsludeildar
Samgöngustofu



Hér má sjá dæmi um óheppilega staðsetningu trés, en bak við það leynist bláklætt barn sem bíður þess að komast yfir.

Bréf þetta er sent til allra sveitarfélaga á Íslandi auk þess sem afrit er sent til lögregluumdæma landsins og Veðgaðarinnar.